



Kennari: Lárus Ágúst Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson

Skammstöfun: LB og TDT

Áfangalýsing

Í áfanganum er sögunni fylgt í tímaröð frá upplýsingum fram til dagsins í dag. Aðaláhersla verður á Evrópu og Íslandssögu þótt vísað verði til annarra heimsálfa þar sem tækifæri gefast. Í Íslandssögunni verður lögð áhersla á breytingar frá bændasamfélagi til nútímans, frá sjálfsþurft til iðnvæðingar. Einnig verður litið til áhrifa erlendra atburða, viðhorfa og skoðana hér á landi. Áfanginn er án lokaprófs.

Kennsluefni

Íslands- og mannkynssaga 2, Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir,
lðnú: <https://www.idnu.is/vara/vefbok-islands-og-mannkynssaga-2/>

Yfirferð

Vika	Efni	Verkefni og próf
1 (19. – 22. ágú)	Kynning á áfanga 1. Byltingar og stríðstímar	
2 (25.– 29. ágú)	2. Frá Vínarfundi til þjóðfundar	Verkefni
3 (1.– 5. sep)	3. Iðnbylting og borgarlíf	Verkefni um orsök og afleiðingu
4 (8. – 12. sep)	4. Íslenskt samfélag á 19. öld A-hluti og B-hluti	Fréttaverkefni
5 (15.–19. Sep)	5. Þjóðerni, ríkjamyndun og sjálfstæðisbarátta	Skilaverkefni og örkönnun
6 (22. – 26. sep)	6. Vesturheimsferðir og nýlendustefna	Míkróverkefni
7 (29. sep– 3. okt)	Prófavika	Próf 1
8 (6. – 10. okt)	7. Aldamót	
9 (13.–17. okt)	8. Stormasöm ár A-hluti og B-hluti	Miðannarmat
10 (20. – 24. okt)	Verkefnavika	Hópverkefni
11 (27.– 31. okt)	9. Mannkynssagan tekur nýja stefnu 10. Heimsstyrjöldin seinni	
12 (3. – 7. nóv)	11. Austur og vestur	

13 (10.– 14. nóv)	Prófavika	Próf 2
14 (17.– 21. nóv)	Skilaverkefni - míkroverkefni	
15 (24.– 28. nóv)	Verkefnavika	Viðtal við eldri ættingja
16 (1. – 5. des)	15. ný öld	Verkefni
17 (8. – 10. des)	Skráp	

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu þáttum/viðburðum í sögu Íslands og heimsins á 19. og 20. öld
- orsökum og afleiðingum þeirra atburða sem einkenna þetta tímabil og hafa mótað samfélagið eins og við þekkjum það í dag
- heimildaöflun
- að kynna ákveðið viðfangsefni sem byggir á heimildaöflun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- færa rök fyrir máli sínu
- nota heimildaskrá
- skrifa faglegan texta
- geta lýst aðstæðum á tilteknum tíma og rakið atburðarrás í stórum dráttum
- skýra helstu viðburði Íslandssögunnar
- gera greinarmun á staðreynd og túlkun
- draga sjálfur ályktanir
- að flytja af nokkru öryggi endursagnir, kynningar og lýsingar á tilteknum málefnum

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna fræðilegt efni á viðeigandi hátt
- færa rök fyrir niðurstöðum
- gera sér grein fyrir orsakum og afleiðingum
- geta rakið þróunarferli einhvers þjóðfélagsþáttar s.s. hugmyndar, atvinnuvegar, menningarsvæðis
- tengt atburði sögunnar við okkar tíma
- geta sýnt kunnáttu sína í ljósu og samfelldu máli

Sérreglur áfangans: Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Nemendur fæddir 2005 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru.

Sama gildir um nemendur með opið vottorð. Ef nemandi kemst ekki í tíma vinnur sá einstaklingur upp verkefni þess tíma. Ef verkefni er stolið/tekið frá öðrum fær verkefni 0. Ef grunur er um notkun gervigreindar þarf nemandi að gera munnlega grein fyrir verkefninu og hvernig það var unnið. Ef nemandi skilar inn verkefni eftir að skilafrest er lokið þá lækkar einkunnin um einn heilan.

Gervigreind

- a. Nemendur skulu tala við kennara ef þeir ætla að nýta gervigreind í verkefnavinnu. Skýrar heimildir eru hjá háskólum um notkun gervigreindar og félagsvísindadeildin styðst við þær sem ramma.
 - i. Í fyrsta lagi þarf að vísa í gervigreindina sem heimild, alveg sama hversu lítið verkefnið er. Ef hún er notuð þarf að vísa í hana.
 - ii. Það þarf að fylgja með skjáskot af bæði spurningunni sem gervgreindin fékk, svarinu sem nemandi fékk og svo í framhaldi textann sem nemandi vann upp úr svarinu.
 - iii. Kennari áskilur sér rétt til að óska eftir munnlegri skýringu frá nemanda ef notkun gervigreindar stenst ekki þessi viðmið.
 - iv. Kennari áskilur sér líka rétt til að draga niður fyrir verkefnaskil þar sem grunur er á notkun gervigreindar en ekki farið eftir þessum viðmiðum.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa	Spurningar, tímaásar og yfirferð/leiðréttingar	25%
Örkannanir og skilaverkefni	Örkannanir og skilaverkefni	25%
Próf	Skrifleg próf	30%
Heimildaverkefni	Heimildaverkefni	10%
Flipp	Fjölbreytt verkefni og námsmat	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 14. ágúst 2025, Lárus Ágúst Bragason og Tómas Davíð Ibsen Tómasson